

# Íslenska

## kennslubók í málvísi og ljóðlist

### (Gorma)

e. Jón Norland og Gunnlaug V. Snævarr

**Málnotkun**  
- málshættir og orðtök -

# Málshættir

(Gorma bls. 143-145)

- **Málsháttur** er óbreytanleg, kjarnyrt málsgrein sem lifað hefur lengi í munni fólks og felur í sér einhverja almenna speki, viðtekin sannindi eða lífsreglu.
- Margir málshættir hafa líkingaryfirbragð
  - Dæmi: Árinna kennir illur ræðari.
- Málshættir eru oft stuðlaðir og stundum rímaðir.

# Orðtök

(Gorma bls. 146-148)

- **Orðtak** er fast orðasamband sem að jafnaði er notað í breyttri (óeiginlegri) merkingu.
- Ólíkt málshætti fær það ekki fullgilda merkingu fyrr en það hefur verið felld inn í setningu í ákveðnu samhengi. Við það breytist mynd sagnarinnar til samræmis við persónu og tölu frumlags setningarinnar.

# Orðtök – frh.

- Orðtök eru oftast notuð í óeiginlegri eða **myndhverfri** merkingu.
- T.d. þegar talað er um að „lítast ekki á blikuna“ er oftast verið að tala um að lítast ekki á þróun mála (myndhverf merking), það er sjaldnast verið að tala um skýjafar í þessu sambandi (eiginleg merking).